

Fundargerð 836. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2016, föstudaginn 26. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Helgason, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir, Ragnar Frank Kristjánsson í forföllum Höllu Sigríðar Steinólfsdóttur, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir í símasambandi frá Hveragerði, Gunnlaugur Stefánsson í forföllum Gunnhildar Ingvarsdóttur og Ísólfr Gylfi Pálmason.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði, að hluta og sviðsstjórnir Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson og Magnús Karel Hannesson að hluta, sem ritaði fundargerð ásamt Karli Björnssyni.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Framtíðarskipan húsnæðismála - 1511238SA

Á fundinn kom félags- og húsnæðismálaráðherra, Eygló Harðardóttir, og ræddi framtíðarskipan húsnæðismála. Hún fór yfir hvað ríkisvaldið og sveitarfélögin gætu gert sameiginlega til þess að örva byggingar íbúðarhúsnæðis, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Hún lagði til að velferðarráðuneytið og sambandið stæðu saman að húsnæðisþingi, þar sem sveitarstjórnarmenn og embættismenn ríkisins gætu rætt saman um málflokkinn og þar sem flutt yrðu fræðsluerindi um ýmsa þætti byggingar- og húsnæðismála.

Stjórnarmenn tóku jákvætt í erindi ráðherrans, en hvöttu jafnframt til þess að húsnæðisfrumvörpin, sem nú liggja fyrir Alþingi komi sem fyrst til frekari umræðu þar.

2. Fundargerð 835. fundar - 1511020SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 835. fundar frá 29. janúar 2016.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

3. Fundir Jónsmessunefndar 2016 - 1601005SA

Lagðar fram fundargerðir samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefndar, frá 8. og 17. febrúar 2016.

4. Lög um opinber fjármál - 1112006SA

Lögð fram drög að samkomulagi ríkis og sveitarfélaga á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál, dags. 25. febrúar 2016, sem framkvæmdastjóri gerði nánari grein fyrir.

Stjórn sambandsins heimilar formanni og framkvæmdastjóra að undirrita

samkomulagið, en leggur áherslu á við framkvæmd þess verði sjónarmiðum, sem fram komu í umræðum á fundinum, haldið til haga.

5. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA

Lögð fram fundargerð 97. fundar skólamálanefndar frá 11. janúar 2016.

6. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015 - 1601021SA

Lagður fram til staðfestingar ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og áritaður af kjörnum skoðunarmönnum sambandsins sem leggja til að reikningurinn verði samþykktur. Löggiltur endurskoðandi sambandsins, Auðunn Guðjónsson, kom á fundinn og áritaði reikninginn, og lagði jafnframt fram endurskoðunarskýrslu ársins 2015.

Ársreikningur sambandsins fyrir árið 2015 var staðfestur og undirritaður af stjórnarmönnum.

7. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2015 - 1601071SA

Lagður fram til staðfestingar ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og áritaður af kjörnum skoðunarmönnum sambandsins sem leggja til að reikningurinn verði samþykktur. Löggiltur endurskoðandi sambandsins, Auðunn Guðjónsson, kom á fundinn og áritaði reikninginn.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

8. Landsþing 2016 - 1511223SA

Lögð fram drög að dagskrá XXX. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður 8. apríl nk. á Grand hóteli í Reykjavík, sem framkvæmdastjóri gerðir nánari grein fyrir.

Stjórn sambandsins samþykkti framlögð drög að dagskrá XXX. landsþings sambandsins og fól framkvæmdastjóra að boða þingfulltrúa til þings þann 8. apríl nk. í Reykjavík.

9. Landsþing 2018 - 1602044SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 18. febrúar 2016, þar sem lagt er til að landsþing árið 2018 verði haldið í menningarhúsinu Hofi á Akureyri dagana 26., 27. og 28. september 2018.

Stjórn sambandsins samþykkir að boða til landsþings að afloknum sveitarstjórnarkosningum árið 2018 dagana 26.–28. september á Akureyri.

10. Forsetakosningar 2016 - 1602048SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 19. febrúar 2016, um utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna forsetakosninga á komandi sumri.

Í minnisblaðinu kemur fram, að sýslumenn sé jákvæðir fyrir því að skipa sérstaka kjörstjóra fyrir forsetakosningar á sumri komanda, sem séu

starfsmenn sveitarfélaga í þéttbýliskjörnum þar sem sýslumenn hafa ekki aðsetur eða útibú, ef einstakar sveitarstjórnir óska þess. Sveitarfélögin bæru kostnað vegna launa og húsnæðis, en annar kostnaður yrði greiddur af ríkissjóði.

Samþykkt var að kynna efni minnisblaðsins fyrir sveitarfélögunum.

11. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1511037SA

Lögð fram fundargerð 29. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 11. febrúar 2016.

12. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1511249SA

Lögð fram fundargerð 37. fundar verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála frá 5. febrúar 2016. Einnig lögð fram stefnan Saman gegn sóun - Almenn stefna um úrgangsforvarnir 2016-2027, vegna 4. liðar í fundargerð verkefnisstjórnar.

13. Staða kjaraviðræðna - 1409043SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 22. febrúar 2016, um stöðu kjaraviðræðna samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga í janúar 2016.

Ísólfur Gylfi Pálmason óskaði bókunar á fyrirspurn sinni um hvort hugsanlegt sé, að kjarasvið sambandsins sé undirmannað þegar litið er til þess dráttar á svörum og viðbrögðum við fyrirspurnum sveitarfélaga um kjaramál og beiðnum um aðstoð frá sviðinu við lausn mála heima í héraði.

Framkvæmdastjóri sagði að unnið væri að ákveðinni endurskipulagningu á innra starfi sviðsins með það að markmiði að auka skilvirkni í viðbrögðum þess gagnvart fyrirspurnum og beiðnum sveitarfélaga eftir aðstoð frá starfsmönnum þess. Samkvæmt fjárhagsáætlun er ekki gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna á sviðinu.

14. Kjarasamningar 2015-2019 - 1409043SA

Lagður fram til staðfestingar samningur milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna, dags. 16. febrúar 2016, um breytingar og framlengingu kjarasamnings aðila.

Stjórnin samþykkti fyrir sitt leyti samning milli SNS og Félags hljómlistarmanna, sem dags. er 16. febrúar 2016.

15. Drög að umsögn um frumvarp um breytingu á sveitarstjórnarlögum - fjöldi borgarfulltrúa - 1602050SA

Lögð fram til umræðu drög að umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 23. febrúar 2016, um frumvarpi um breytingu á sveitarstjórnarlögum (fjöldi borgarfulltrúa), 296. mál.

Samþykkt var að fela sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins að ganga frá umsögn á grundvelli umræðna á fundinum og með tilliti til fyrri umsagnar sambandsins um málið.

16. Fyrirkomulag tónlistarnáms á framhaldsskólastigi - 1506224SA

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði grein fyrir stöðu viðræðna við mennta- og menningarmálaráðuneytið um fyrirkomulag tónlistarnáms á framhaldsskólastigi.

17. Styrkir til meistararitgerða 2016-2018 - 1506233SA

Lagt fram minnisblað frá framkvæmdastjóra, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs og sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 23. febrúar 2016, þar sem lagðar eru fram tillögur að styrkveitingu til meistaránema sem vinna að lokaverkefnum á sviði sveitarstjórnarmála.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögu framkvæmdastjóra og þriggja sviðsstjóra sambandsins um styrki til meistaránemanna Soffíu Guðrúnar Guðmundsdóttur, Sunnu Jónínu Sigurðardóttur og Magneu S. Ingimundardóttur að fjárhæð 250 þús. kr. til hverrar þeirra.

18. Niðurstöður úr fjárhagsáætlunum sveitarfélaga 2016-2019 - 0901037SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 25. janúar 2016, um niðurstöður úr fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2016-2019, sem hann gerði nánari grein fyrir.

19. Afstaða sambandsins til staðsetningar opinberra starfa - 1502049SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 11. janúar 2016, um afstöðu sambandsins til staðsetningar opinberra starfa.

20. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi - 1512032SA

Lagðir fram minnisþættir sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, frá fundi sambandsins og Samtaka atvinnulífsins, dags. 25. janúar 2016, um heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Einnig lagðir fram minnisþættir Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá fundi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga 18. desember 2015, um frumvarp um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 sem lagt var fram í vinnuhópi um innleiðingu tilskipunar um losun frá iðnaði, ásamt skilabréfi starfshóps um útfærslur á framkvæmd við leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samþykkt var að kynna fyrir sveitarfélögunum hugsanlegar breytingar á skipulagi og framkvæmd heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

21. Niðurstöður nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar - 1405036SA

Lögð fram bókun fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga við niðurstöður nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar, dags. 8. febrúar 2016, ásamt lokaskýrslu nefndarinnar.

22. Þátttaka sambandsins í Fundi fólksins - 1509024SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 25. janúar 2016, um boð um þátttöku í Fundi fólksins 2016, ásamt viðbót við minnisblaðið, dags. 23. febrúar 2016. Einnig lagt fram bréf Ketils B. Magnússonar, formanns Almannaheilla, dags. 21. desember 2015.

Formanni falið að ræða við forsvarsmenn verkefnisins um hugsanlega aðkomu sambandsins að Fundi fólksins án kostnaðarþátttöku af sambandsins hálfu.

23. Skýrsla um rekstrarfyrirkomulag Innheimtustofnunar sveitarfélaga - 1205013SA

Lögð fram skýrsla KPMG um rekstrarfyrirkomulag Innheimtustofnunar sveitarfélaga, dags. 18. ágúst 2015.

Umræðu frestað til næsta fundar þar sem fram fari sérstök kynning á efni skýrslunnar.

Aldís Hafsteinsdóttir vék af fundi kl. 14:45.

24. Umboðsmaður barna - staða ungmennaráða hjá sveitarfélögum - 1512044SA

Lagt fram bréf Umboðsmanns barna, dags. 14. desember 2015, um stöðu ungmennaráða hjá sveitarfélögum.

25. Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 - 1510176SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 11. janúar 2016, um samantekt vegna erindis Kristins Þórs Jakobssonar um stöðu áheyrnarfulltrúa samkvæmt sveitarstjórnarlögum, ásamt bréfi Kristins Þórs, sem áður var á dagskrá stjórnar sambandsins 20. nóvember 2015.

Stjórn sambandsins telur, að ekki standi efni til þess að taka ákvæði sveitarstjórnarlaga um áheyrnarfulltrúa í nefndum og ráðum sveitarfélaga til endurskoðunar.

26. Framtíð Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga - 1602010SA

Lagt fram bréf sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 3. febrúar 2016, um framtíð Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Stjórn sambandsins staðfestir það sjónarmið, að tryggð verði samfella í starfi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem sett er fram í bréfi framkvæmdastjóra sambandsins til innanríkisráðherra frá 3. febrúar 2016.

27. Samkomulag um millifærslu fjármuna vegna atvinnumála fatlaðs fólks - 1602043SA

Lagt fram samkomulag, dags. 14. janúar 2016, milli Sambands íslenskra sveitarfélaga, Vinnumálastofnunar, velferðarráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, um millifærslu fjármuna vegna atvinnumála fatlaðs fólks.

28. Ársskýrsla Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga 2015 - 1511064SA

Lögð fram ársskýrsla Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga fyrir starfstímabilið október til september 2015.

29. Ljósleiðaraupbygging sveitarfélaga - 1512043SA

Lögð fram ályktun, mótt. 3. febrúar 2016, frá Fljótsdalshéraði, Djúpavogshreppi, Borgarfjarðarhreppi, Seyðisfjarðarkaupstaði, Fjarðabyggð, Breiðdals-

hreppi og Vopnafjarðarhreppi, vegna tillagna starfshóps um Ísland ljóstengt. Einnig lögð fram skýrsla Póst- og fjarskiptastofnunar um ljósleiðarauppbyggingu sveitarfélaga 2015.

Umræðu frestað til næsta fundar.

30. Samband íslenskra myndlistarmanna - kynning á framlagssamningi - 1601067SA

Lagt fram bréf Sambands íslenskra myndlistarmanna, dags. 19. janúar 2016, þar sem stjórn sambandsins er boðin kynning á framlagssamningi um þátttöku og framlag listamanna til sýningarhalds.

Samþykkt var að fela framkvæmdastjóra að ræða við fulltrúa Sambands íslenskra myndlistarmanna.

31. Tilnefning í nefnd um hættumatsviðmið vegna vatnsflóða og sjávarflóða - 1601050SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 1. febrúar 2016, þar sem Arnbjörg Sveinsdóttir, forseti bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar, og Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, eru tilnefnd í nefnd um hættumatsviðmið vegna vatnsflóða og sjávarflóða.

32. Tilnefning í starfshóp til að greina lög og reglugerðir á sviði ráðuneytisins vegna starfsemi vindorkuvera - 1602022SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 11. febrúar 2016, þar sem Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í starfshóp til að greina lög og reglugerðir á sviði ráðuneytisins vegna starfsemi vindorkuvera.

33. Umsögn um frumvarp til laga um opinber innkaup - 1512054SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 27. janúar 2016, um frumvarp til laga um opinber innkaup.

34. Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald - 1511221SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 29. janúar 2016, um frumvarp til breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi).

35. Umsögn um reglugerð um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016 - 1601066SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 1. febrúar 2016, um drög að reglugerð um framlög í málaflokki fatlaðs fólks 2016.

- 36. Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir - 1511137SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 3. febrúar 2016, um um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- 37. Umsögn um drög að frumvarpi um breytingar á úrgangslöggjöf - 1601075SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 9. febrúar 2016, um drög að frumvarpi um breytingar á úrgangslöggjöf.
- 38. Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga - 1601074SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 10. febrúar 2016, um frumvarp um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, 400. mál.
- 39. Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna - 1501024SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 10. febrúar 2016, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, 404. mál.
- 40. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um pósthjónustu - 1601053SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 10. febrúar 2016, um drög að frumvarpi til laga um pósthjónustu.
- 41. Umsögn um breytingartillögur á starfsreglum verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar - 1302003SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 11. febrúar 2016, um breytingartillögur á starfsreglum verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar.
- 42. Umsögn um tillögur að breytingum á regluverki skipulags- og mannvirkjamála - 1510172SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 15. febrúar 2016, um tillögur að breytingum á regluverki skipulags- og mannvirkjamála.
- 43. Umsögn um skýrslu og söfn og ferðahjónustu - 1602014SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til Þóru Bjarkar Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra safnaráðs, dags. 21. febrúar 2016, um skýrslu um söfn og ferðahjónustu.
- 44. Umsögn um fjármögnun tilraunaverkefnis um rafrænar íbúakosningar - 1602018SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 9. febrúar 2016, um fjármögnun tilraunaverkefnis um rafrænar íbúakosningar.

- 45. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk í hjúkrunar- eða dvalarrýmum - 1509028SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til réttindagæslumanns fatlaðs fólks á Suðurlandi, dags. 16. febrúar 2016, um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í hjúkrunar- eða dvalarrýmum.
- 46. SALEK - nýtt vinnumarkaðslíkan - 1409042SA**
Lagt fram til kynningar nýtt samningalíkan á vinnumarkaði.
- 47. Brussel samningur - 0408115SA**
Lagt fram til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 15. febrúar 2016, um framlengingu samnings um Brusselskrifstofu sambandsins.
Framkvæmdastjóri vakti athygli á að með samþykki sjóðsins á erindi sambandsins sé fjármögnun skrifstofunnar tryggð árin 2016–2018.
- 48. Rekstur Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi - 1501029SA**
Lagt fram til kynningar afrit af bréfi bæjarstjóra Stykkishólmsbæjar, dags. 15. febrúar 2016, til velferðarráðuneytisins, um rekstur Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi.
- 49. Grýtubakkahreppur - málefni hjúkrunarheimila - 1501029SA**
Lagt fram til kynningar afrit af bréfi sveitarstjóra Grýtubakkahrepps, dags. 16. febrúar 2016, til heilbrigðisráðherra, um málefni hjúkrunarheimila.
- 50. Póstþjónusta á landsbyggðinni - 1601053SA**
Lagt fram til kynningar bréf Grýtubakkahrepps til innanríkisráðherra, dags. 16. febrúar 2016, með bókun sveitarstjórnar um þjónustuskerðingu Íslandspósts í fámennari byggðum landsins.
- 51. Ályktun Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands - 1602031SA**
Lögð fram ályktun frá sameiginlegum fundi stjórna/samninganefnda Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands, sem haldinn var í Reykjavík 4. febrúar 2016, þar sem félögin lýsa yfir þungum áhyggjum vegna fjárhagsstöðu grunnskóla víða um land. Óbreytt staða mun leiða til verulegra skertrar þjónustu við nemendur skólanna.

Fundi var slitið kl. 15:10.

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Skúli Helgason

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Ragnar Frank Kristjánsson

Gunnar Einarsson

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnlaugur Stefánsson

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari